

Ed.

249. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: mariuerlur,

steindeplar, prestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðins-
hanar, þórshanar, kriur, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbristingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

- a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
- b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
- c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
- d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fyl, hverri í sínu hjeraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fylaveiði.

4. gr.

A meðan lög þessi eru í gildi er bannað að flytja úr landi rjúpu og aðra fugla, að viðlagðri einnar krónu sekt fyrir hvern fugl, sem út er fluttur. Sektirnar renna í landssjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda meðan Norðurálfuófriðurinn stendur; getur þá Stjórnarráð Íslands ákveðið með auglýsingu að 1., 2. og 3. gr. l. nr. 59, 10. nóv. 1913 skuli aftur öðlast gildi.